

Sp.

1285. Nefndarálit

[2. mál]

um till. til þál. um bættu þjónustu við farþega í innanlandsflugi.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Með þáltill. er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ítarlega úttekt á þjónustu við farþega á flugleiðum innanlands og samgöngum við flugvelli og gera tillögur til úrbóta.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur meiri hl. til að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar þar eð nefnd á vegum samgönguráðuneytisins vinni nú að gerð áætlunar í flugmálum.

Nál. meiri hl. er frá 6. júní og undirritað af öllum nefndarmönnum nema Guðrúnu Helgadóttur.

Ekki verður séð að rök meiri hl. fyrir því að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar séu gild.

Skipunarbréf þeirrar nefndar á vegum samgönguráðuneytisins sem til er vísað í nál. meiri hl. er dagsett 6. janúar 1984. Í skipunarbréfinu kemur fram að nefnd samgönguráðuneytisins er ætlað að semja áætlun „sem taki til framkvæmda við flugbrautir, öryggistæki, tækjageymslur, flugskýli og flugstöðvar“. Sérstaklega er þessari nefnd samgönguráðuneytisins þó ætlað að kanna möguleika á lagningu bundins slitlags á flugbrautir og flugvélastæði og að gera ítarlega áætlun um uppbyggingu nýrrar flugstöðvar á Reykjavíkurflogvelli.

Í skipunarbréfinu er hins vegar hvergi á það minnst að henni sé ætlað að fjalla um samgöngur að og frá flugvöllum né reglur um snjóruðninga af vegum í því sambandi sem aftur á móti er eitt meginatriði þáltill. á þskj. 2. Bætt þjónusta að öðru leyti við farþega er heldur ekki á verkefnaskrá nefndar samgönguráðuneytisins, nema hvað í skipunarbréfinu er talað um gerð áætlunar um almenna uppbyggingu flugvalla.

Eins og fram kemur í grg. með þáltill. á þskj. 2 er full þörf á að fram fari sérstök úttekt á ástandi mála varðandi þjónustu við farþega á flugleiðum innanlands og á samgöngum við flugvelli svo að unnt verði að tryggja verulegar úrbætur í þeim eignum.

Hér er því lagt til að þáltill. verði samþykkt.

Alþingi, 14. júní 1985.

Kjartan Ólafsson.